


NÁTTÚRUGRIPASAFNIÐ Í REYKJAVÍK
(THE MUSEUM OF NATURAL HISTORY, REYKJAVÍK)

FUGLAMERKINGAR V.—VIII. ÁR.
(THE BIRD-RINGING SCHEME'S 5TH TO THE 8TH YEAR)



REYKJAVÍK 1940
FÉLAGSPRENTSMIÐJAN H.F.



Fuglamerkingar, V.—VIII. ár.

(The Bird-Ringing Scheme's V.—VIII. year).

Árin 1936, 1937, 1938 og 1939 voru merktir samtals 3983 fuglar. Skýrsla um þær merkingar er á bls. 7—9 og má þar sjá hversu margar tegundir hafa verið merktar og hve margt af hverri tegund. Samkvæmt síðustu skýrslu minni, fyrir árið 1935, var þá búið að merkja 2584 fugla, og höfðu þá endurheimtst af þeim 144 fuglar, þ. e. 98 innanlands, en 46 erlendis. Á árunum 1936—1939, að báðum árum meðtoldum, urðu endurheimturnar 81 fugl innanlands, en 41 erlendis, þ. e. samtals 122 fuglar (sjá bls. 10—22). Í fljótu bragði virðist þetta vera afturför, þar sem svo miklu fleiri fuglar hafa verið merktir síðastliðin 4 ár, samanborið við næstu 4 árin á undan (frá 1932—1935), en hér eru raunverulega ekki komin „öll kurl til grafar“. A skránni um endurheimtur innanlands árin 1936—1939 eru ekki taldar með allar *varpendur* þær, sem ár eftir ár hafa á þessu tímabili verið teknar á eggjum á sömu slóðum, hjá Grímsstöðum við Mývatn. Þær eru teknar til meðferðar á sérstakri skýrslu á bls. 26—29 og þar taldar allar endurfundnar varpendur frá 1932—1939, en þær hafa langflestar fundizt á síðastliðnum 4 árum. Fáeinan höfðu að vísu komið fram áður og er þeirra getið í *Fuglamerkingum I.—IV.* Yfirlitstölurnar um fuglamerkingar Náttúrugripasafnsins í Reykjavík, síðan þær hófust sumarið 1932 og til þess tíma, þegar þetta er ritað (þ. e. um miðjan marsmánuð 1940), eru sem hér segir:

Merkta á árunum 1932—35	samtals	2584	fuglar
— — — 1936—39	—	3983	—
Alls 6567 fuglar			
Endurheimtur 1932—35:	98	innanl.,	46 erlendis
— 1936—39:	81	—	41 —
	179		87
Ennfremur varpendur á Grímsstöðum 1932—1939, samtals	51		
Samtals fuglar: 230 innanl., 87 erlendis			
Allar endurheimtur á þessum 8 árum verða því 317.			

Samkvæmt þessu hefir erlendum endurheimtum fækkað þessi síðastl. ár, en innlendar endurheimtur aukzt stórum. Fækkunin af erlendum endurheimtum stafar nær eingöngu frá síðastliðnu hausti (1939) og þessum vetri, sem nú stendur yfir, og er það ófriður sá, sem nú geysar í nágrannalöndum okkar, er þessu veldur. Á ófriðartímum leggjast niður að mestu allar dýraveiðar og ýmislegar aðrar útiskemmtanir — svonefnt „sport“ —, bæði hjá ófriðarþjóðunum sjálfum og næstu nágörnum þeirra, — því hernaðurinn gengur fyrir öllu. Þetta er það bezta, sem fuglana okkar getur hent, því nú fá þeir óáreittir að fara ferða sinna og dvelja í friði í vetrarheimkynnum, og verði tíðarfarið sæmilegt hér á landi næsta sumar, má þá vænta fleiri varpfugla hingað, en áður. Á undanförnum vetrum hafa margir íslenzkir fuglar biðið aldurtila á Bretlandseyjum og á Írlandi, eins og sjá má í skýrslum mínum um erlendar endurheimtur, en í vetur hafa mér ennþá aðeins borizt tvö fuglamerki frá Írlandi og eitt frá Skotlandi (af dauðu hræi, er þar fannst). Standi þessi ófriður um nokkur ár, má óefað vænta nokkurrar fjölgunar á íslenzkum farfuglum og sannast þar máltekið, — að „fátt er svo með öllu illt, að eigi boði nokkuð gott.“ Samkvæmt ýmsum erlendum heimildum hefi ég það fyrir satt, að á

ófriðarárunum 1914—18 hafi veiðifuglum yfirleitt fjölgæð í Mið-Evrópu, en áður hafi orðið vart allverulegrar fækkunar á þeim. Á síðastliðnum árum hafa einnig heyrzt raddir veiðimanna og annarra, sem hafa kvartað yfir fækkuun ýmsra fuglategunda, t. d. vaðfugla og anda o. fl., og hafa flestir kennt um illri aðbúð í varplöndum fuglanna, — eggjaráni og veiði, — en hitt var ekki talið saknæmt, þótt fuglarnir væru skotnir og veiddir þúsundum saman á vetrum, þar sem þeir höfðust við, — þeim átti að geta fjölgað fyrir því. Veiðimenn mega fæstir heyra nefnda aðra fuglafriðun, en um varptímann. Takmörkun á veiðitíma má helzt ekki nefna.

Eins og sést af merkingaskýrslum síðastliðinna fjögurra ára, hafa allt að þúsund fuglar verið merktir á hverju ári, og vona ég að það geti haldizt svo framvegis, þrátt fyrir það, að ætíð eru nokkrir erfiðleikar á því að útvega næg merki, sem kosta talsverðan erlendan gjaldeyri. Skal þess minnzt með verðugu þakklæti, að Menningarsjóður hefir undanfarin nokkur ár styrkt fuglamerkingarnar með 1000 krónum á ári, enda hefði Náttúrugripasafnini ekki verið kleift að bera þennan kostnað af eigin rammleik. Vænti eg að fuglamerkingarnar megi framvegis njóta sömu velvildar og skilnings sjóðstjórnarinnar á þýðingu þeirra fyrir íslenzkar náttúrurannsóknir — eins og að undanfornu.

Liðsmenn við fuglamerkingarnar, flest árin 1936—1939, hafa verið þessir :

- 1) Aðalsteinn Jóhannesson, Skjalfönn, N.-Ísafjarðars.
- 2) Andrés Kristjánsson, Hriflu, S.-Þingeyjarsýslu.
- 3) Baldur Árnason, Ölvversholtshjáleigu í Holtum, Rang.
- 4) Bjartmar Guðmundsson, Sandi í Aðaldal.
- 5) Björn Guðmundsson, Lóni í Kelduhverfi.
- 6) Eyjólfur Ágústsson, Hvammi í Landssveit, Rang.
- 7) Guðjón Einarsson, Berjanesi, V.-Landeyjum.
- 8) Hákon Vilhjálmsson, Hafurbjarnarstöðum á Miðnesi, Gullbringusýslu.
- 9) Halldór Guðbjartsson, Láganúpi, Kollsvík, Barðastr.s.

- 10) Höskuldur Stefánsson, Syðri-Bakka, í Kelduhverfi.
- 11) Ingólfur Jónsson, Prestbakka, Hrútafirði.
- 12) Jóhannes Sigfinnsson, Grímsstöðum við Mývatn.
- 13) Jón Sigurðsson, Hvöli í Fljótshverfi, V.-Skaftafellss.
- 14) Kári Tryggvason, Viðikeri í Bárðardal.
- 15) Kristján Geirmundsson, Akureyri.
- 16) Njáll Friðbjörnsson, Sandi í Aðaldal.
- 17) Ragnar Sigfinnsson, Grímsstöðum við Mývatn.
- 18) Sigurður Björnsson, Kvískerjum, A.-Sk.
- 19) Sigurður Sn. Stefánsson, Stakkahlíð, Loðmundarfirði.
- 20) Steindór Steindórsson, Strandgötu 51, Akureyri.
- 21) Torfi Ólafsson, Stakkadal á Rauðasandi.
- 22) Vilhjálmur Chr. Hákonarson, Hafurbjarnarstöðum á Miðnesi.
- 23) Þorsteinn Einarsson, Vestmannaeyjum.
- 24) Þorsteinn Guðmundsson, Reynivöllum, A.-Sk.

Þakka ég þeim öllum ágæta aðstoð, og vona að mega njóta samstarfs þeirra sem lengst.

Enn fremur hafa ýmsir aðrir veitt góða aðstoð eitt ár, en síðar hafa þeir orðið að láta af þessum störfum af ýmsum orsökum, og eru þeir engu að síður þakkar verðir fyrir sína aðstoð, þótt hennar nytí skemur við, en vegna rúmleysis get ég ekki komið hér að nöfnum allra þeirra, sem vert væri að geta, en ég þakka þeim öllum jafnt og vona, að þeir skilji nauðsyn þess, að lengja ekki þessa skýrslu úr hófi.

Sem nýlundi verð ég þó að geta þess, að s.l. sumar (1939) störfuðu hér að merkingum í þágu Náttúrugripasafnsins þrír erlendir menn, og get ég ekki stillt mig um að setja hér nöfn þeirra, vegna þess, að þeim tókst að merkja tvær af okkar virðulegustu fuglategundum, þ. e. örн og fálka, meðal margs annars. En nöfnin eru þessi: P. I. R. Maclarens, stúdent frá Cambridge á Englandi, merkti örн, fálka o. fl., H. G. Vevers og L. S. Venables, báðir frá Dept. of Zoology, Oxford, merktu súlur í Eldey.

Reykjavík, 15. mars 1940.

Magnús Björnsson.

SKÝRSLA um fuglamerkingsar Náttúrurgripasafnsins í Reykjavík á árunum 1936, 1937, 1938

og 1939. V.—VIII.

(REPORT of the Bird-Ringing Scheme of the Museum of Natural History, Reykjavík).

FUGLAMERKINGAR

Nöfn tegunda (Names of species)	1936	1937	1938	1939	Full- orddu- (adults) Guv. C- ger- at-	All- is- Total(s) (Guv.)
1) Hrafn, <i>Corvus corax</i> , L.	4	3	1	1	7	7
2) Stari, <i>Sturnus vulgaris</i> , L.						1
3) Auðnuttíllingur, <i>Carduelis flammea</i> , subsp.	30	14	37	31	73	39
4) Snjótíllingur, <i>Plectrophenax nivalis</i> , (L.)	3	6	3	7	12	7
5) Máruerla, <i>Motacilla alba</i> , L.	21	31	50	42	9	135
6) Púfutíllingur, <i>Anthus pratensis</i> , L.	20	71	25	50	8	158
7) Gráþróstur, <i>Turdus pilaris</i> , L.			6	6	6	6
8) Skógarþróstur, <i>Turdus musicus cobarrii</i> , Sharpe	72	34	57	43	41	165
9) Steindepill, <i>Oenanthe oe. leucorrhoa</i> , (Gmelin) ...	19	10	30	32	1	90
10) Múrsvala, <i>Apus apus</i> , (L.)				2		2
11) Brandugla, <i>Asio flammeus</i> , Pontoppidan		1	1			2
12) Örn, <i>Haliaëetus albicilla</i> , (L.)					1	1
13) Fálki, <i>Falco rusticolus islandus</i> , Brünnich				3	3	3
14) Smyrill, <i>F. columbarius subæsalon</i> , A. E. Brehm	1			1		1
15) Súla, <i>Sula bassana</i> , (L.)			9	29	29	9
16) Grágæs, <i>Anser anser</i> , (L.)			12	3	3	19
17) Álf, <i>Cygnus c. islandicus</i> , Brehm	7				3	3
18) Stokkönd, <i>Anas platyrhynchos</i> , (L.)	3		2	15	3	1
19) Gráönd, <i>A. strepera</i> , L.				1	1	41
20) Urtönd, <i>A. crecca</i> , L.			4	2	3	1
21) Rauðhöfðaönd, <i>A. penelope</i> , L.		7	8	3	12	3
22) Grafönd, <i>A. acuta</i> , L.		2		5	7	16
						2

Nöfn tegunda (Names of species)	1936	1937	1938	1939	1940	Full order (ad.)		Dúgur (Guvs.)		Alls (Totals)	
						♂	♀	♂	♀	♂	♀
Dugönd, <i>Aythya marila</i> , (L.)	23)									6	63
Skúfönd, <i>Aythya fuligula</i> , (L.)	24)							18	18		18
Húsönd, <i>Bucephala islandica</i> , (Gmelin)	25)							13	2	15	15
Straumönd, <i>Histrionicus histrionicus</i> , (L.)	26)							1	1	2	2
Hávella, <i>Clangula hyemalis</i> , (L.)	27)							63	97	26	123
Æðarfugl, <i>Somateria mollissima islandica</i> , Brehm	28)							14	15	2	17
Hrafnönd, <i>Melanitta nigra</i> , (L.)	29)							31	59	2	61
Toppönd, <i>Mergus serrator</i> , L.	30)							3	2	3	9
Öðnshani, <i>Phalaropus lobatus</i> , (L.)	31)							14	10	12	61
Hrossagaukur, <i>Cap. gall. faeroensis</i> , (C.L.Brehm)	32)							26	40	9	157
Rauðbrystingur, <i>Calidris canutus</i> , (L.)	33)							4	7	11	11
Sendlingur, <i>C. maritima</i> , (Brünnich)	34)							16	114	131	131
Lóubræll, <i>C. alpina islandica</i> , (Schiöler)	35)							2	6	7	14
Sanderla, <i>Croceethia alba</i> , (Pall.)	36)							1	1	1	1
Stelkur, <i>Tringa totanus robustus</i> , (Schiöler)	37)							11	9	4	27
Jáðrakan, <i>Limosa limosa islandica</i> , Brehm.	38)							16	2	4	14
Spói, <i>Numenius phaeopus islandicus</i> , Brehm	39)							10	15	2	59
Lóða, <i>Pluvialis apricariaus altifrons</i> , C. L. Brehm.	40)							10	8	24	2
Sandlöa, <i>Charadrius hiaticula</i> , (L.)	41)							10	16	25	35
Tjaldur, <i>Hematoopus ostralegus</i> , (L.)	42)							7	24	11	70
Tildra, <i>Arenaria interpres</i> , (L.)	43)							1	36	15	52
Silfurmáfur, <i>Larus argentatus</i> , Pontoppidan	44)							1	1	1	1
Svartháfur, <i>L. marinus</i> , L.	45)							1	17	3	20
Hettumáfur, <i>L. ridibundus</i> , L.	46)							8	12	31	72
Fismáfur, <i>Phagophila eburnea</i> , (Phipps)	47)							2	21	1	1

48) Rita, <i>Rissa tridactyla</i> , (L.)	10	46	14	70	70
49) Kria, <i>Sterna macrura</i> , Naumann	437	240	126	265	141
50) Skúmur, <i>Catharacta skua</i> , Brünnich	61	28	32	30	151
51) Kjói, <i>Stercorarius parasiticus</i> , (L.)	3	6	4	3	13
52) Langvíja, <i>Uria aalge</i> , Pontopp.	1	1	27	12	16
52) Teista, <i>Uria grylle</i> , (L.)					28
54) Hafþrúðill, <i>Alle alle</i> , (L.)					1
55) Lundi, <i>Fratercula arctica</i> , (L.)	105	172	155	231	201
56) Sæsvala, <i>Oceanodroma leucorhoa</i> , Vieillot.	3	14	13	21	9
57) Skrofa, <i>Puffinus puffinus</i> , (Brünnich)					35
58) Fýll, <i>Fulmarus glacialis</i> , (L.)	4	4	1	2	10
59) Lómur, <i>Columbus stellatus</i> , Pontopp.	1	1	1	2	10
60) Sefönd, <i>Podicipes auritus</i> , (L.)	1	1	1	2	3
61) Keldusvín, <i>Radix aquatica</i> , L.	6	1	1	2	6
62) Blæsönd, <i>Fulica atra</i> , (L.)					1
63) Dúfa, <i>Columba domestica</i> , L.*					2
64) Rjúpa, <i>Lagopus mutus islandorum</i> , Faber	6	9	5	3	18
Samtals alls	989	711	1057	1226	1259
					2724
					3983

*) Dífur, sem lagzt hafa út, hafa síðastliðin 3 ár orpið í fuglabjörgunum í Vestmannaeyjun.

N.B. Auðnuttlingsungarnir, sem merktir hafa verið, hafa allir klakzít út í trijágarði hr. Kristjáns Geirmundssonar á Akureyri.

Flestir fullorðnu endurnar, sem merktar hafa verið, hafa verið teknar á hreiðrum við Mývatn.

Ennfremur er það athugavert við þessa skýrslu, að niður hefir fallið einn hegri, sem var merktur hérlendis 1937, en mér hafði láðst að færa hann inn á merkingaskýrslur fyrir það ár. — M. B.

Endurheimtur árin 1936, 1937, 1938 og 1939.

A. Innanlands.

- 1) Hrafn (*Corvus corax*, L.). Merktur (3/93) hjá Ásum í Gnúpverjahreppi í Árnessýslu, þ. 18. júni 1936. Var hann þá ungi í hreiðri. Skotinn á Gelti í Grímsnesi um miðjan nóvember 1936.
- 2) Hrafn (*Corvus corax*, L.). Merktur (3/237); ungi í hreiðri, í Stóra Dímon í Rangárvallasýslu, þ. 5. júní 1933. Í byrjun febrúarmánaðar 1938 fannst fótbein úr þessum hrafnri með merkinu á, hjá Helgafelli í Mosfellssveit í Gullbringusýslu. Var hann þá sýnilega dauður fyrir löngu síðan.
- 3) Stari (*Sturnus vulgaris*, L.). Merktur (6/1775), fullorðinn, á Skjalfönn í Norður-Ísafjarðarsýslu, þ. 8. maí 1939. Fannst dauður seinnipartinn í september 1939, á Grund í Höfnum, í Gullbringusýslu. Hafði hann farið niður um reykháf og lent inni í eldstónni undir miðstöðvarkatlinum, sem ekki hafði þá verið kyntur síðan s.l. veturnar. Fannst hann þar þurr og hertur í öskunni, þegar átti að fara að leggja í um haustið.
- 4) Máríuerla (*Motacilla alba*, L.). Merkt (7/1630), ungi í hreiðri, þ. 28. júlí 1938, hjá Hvammi á Landi, í Rangárvallasýslu. Drepin af ketti um miðjan ágústmánuð sama ár, í Þjórsárholti í Árnessýslu.
- 5) Máríuerla (*Motacilla alba*, L.). Merkt (8/1102), fullorðin, á eggjum, á Hafurbjarnarstöðum á Miðnesi, í Gullbringusýslu, þ. 17. júní 1938. Endurveidd sama stað þ. 15. maí 1939.
- 6) Skógarþróstur (*Turdus musicus coburni*, Sharpe). Ungi, merktur (7/973), á Grímsstöðum við Mývatn, þ. 14. júní 1938. Var drepinn af smirli sama staðar þ. 20. september 1938.
- 7) Skógarþróstur (*Turdus musicus coburni*, Sharpe). Ungi, merktur (7/1688) á Grímsstöðum við Mývatn, þ. 3. ágúst 1938. Drepinn af smirli, sama staðar þ. 15. ágúst 1938.

- 8) Skógarþróstur (*Turdus musicus coburni*, Sharpe). Ungi, merktur (6/2676) á Akureyri, þ. 12. júlí 1939. Fannst dauður sama staðar í ágústmánuði 1939.
- 9) Smyrill (*Falco columbarius subæsalon*, A. E. Brehm). Ungi, merktur (4/3) hjá Guðlaugsstöðum í Blöndudal í Austur-Húnvatnssýslu, þ. 7. júlí 1932. Skotinn þ. 7. maí 1938 á Haukagili í Vatnsdal í Austur-Húnvatnssýslu.
- 10) Stokkond (*Anas platyrhyncha* (L)). Merkt (4/314) í Kollsvík í Barðastrandarsýslu, þ. 27. september 1936. Fannst dauð hjá Kalldaðarnesi í Flóa, í Árnessýslu, þ. 26. júlí 1937.
- 11) Stokkond (*A. platyrhyncha* (L)). Merkt (4/315) í Kollsvík í Barðastrandarsýslu, þ. 27. sept. 1936. Fannst dauð sama staðar þ. 29. nóvember 1936.
- 12) Stokkond (*A. platyrhyncha* (L)). Merkt (3/624) fullorðin, á Grímsstöðum við Mývatn, þ. 3. júlí 1935. Fannst dauð hjá Reykjahlíð við Mývatn þ. 23. júní 1938.
- 13) Stokkond (*A. platyrhyncha* (L)). Merkt (4/816) á unga aldryr hjá Saurbæ á Rauðasandi í Barðastrandarsýslu, þ. 17. ágúst 1936. Fannst sjórekinn, nýdauður (bliki) sama staðar þ. 30. júlí 1939.
- 14) Stokkandarungi (*Anas platyrhyncha*, (L)). Merktur (3/1665) á Grímsstöðum við Mývatn, þ. 31. júlí 1939. Fannst nýdauður sama staðar þ. 12. september 1939.
- 15) Rauðhofðaond (*Anas penelope*, L). Ungi, merktur (4/576) á Grímsstöðum við Mývatn, þ. 18. júní 1935. Fannst dauð við símann sama staðar, í september 1937.
- 16) Duggönd (*Aythya marila* (L)). Merkt (3/165) fullorðin á hreiðri hjá Grímsstöðum við Mývatn, þ. 19. júní 1933. Fannst dauð hjá Syðri-Neslöndum við Mývatn, þ. 17. júní 1936.
- 17) Duggönd (*Aythya marila* (L)). Merkt (3/433) fullorðin á hreiðri hjá Grímsstöðum við Mývatn, þ. 28. júní 1935. Drapst í silunganeti í Álpavoginum á Mývatni, í ágústmánuði 1937.
- 18) Duggönd (*Aythya marila* (L)). Merkt (3/387) full-

- orðin á hreiðri hjá Grímsstöðum við Mývatn, þ. 15. júní 1934. Drapst á síma hjá Geiteyjarströnd, þ. 9. október 1937.
- 19) Duggönd (*Aythya marila* (L)). Merkt (3/446) fullorðin á hreiðri hjá Grímsstöðum við Mývatn, þ. 29. júní 1935. Fannst dauð sama staðar þ. 10. júní 1938.
- 20) Húsönd (*Bucephala islandica* (Gmelin)). Merkt (3/1224) fullorðin á Grímsstöðum við Mývatn, þ. 18. júní 1938. Skotin á Lóni í Kelduhverfi þ. 14. nóvember 1938.
- 21) Straumönd (*Histrionicus histrionicus*, (L)). Merkt (4/216) fullorðin á Sandi í Aðaldal, þ. 7. ágúst 1937. Skotin á Fremstafelli í Kinn, þ. 5. september 1939.
- 22) Hávella (*Clangula hyemalis*, (L)). Fullorðinn blikki, merktur (4/1229) á Grímsstöðum við Mývatn, þ. 25. júní 1938. Fannst dauður við Laxá ofanverða, í júlí-mánuði sama ár.
- 23) Hávella (*Clangula hyemalis*, (L)). Merkt (4/1434) á Grímsstöðum við Mývatn, þ. 5. júlí 1939. Skotin hjá Sæbóli í Pistilfirði (nýbýli skannt frá Þórshöfn), þ. 19. september 1939.
- 24) Hávellubliki (*Clangula hyemalis*, (L)). Merktur (4/1201) fullorðinn á Grímsstöðum við Mývatn, þ. 8. júní 1938. Tekinn í net sama staðar, þ. 20. maí 1939, og sleppt aftur.
- 25) Hávella (*Clangula hyemalis*, (L)). Merkt (4/1271) fullorðin á Grímsstöðum við Mývatn, þ. 6. júní 1939. Fannst dauð sama staðar, þ. 19. júní sama ár.
- 26) Toppönd (*Mergus serrator*, L). Merkt (3/376) fullorðin á hreiðri hjá Grímsstöðum við Mývatn, þ. 11. júní 1934. Tekin sama staðar á eggjum þ. 29. júní 1935, og skipt um merki á henni, og fékk hún þá merkið 3/445. Fannst dauð í silunganeti frá Grímsstöðum, þ. 13. júní 1938.
- 27) Toppönd (*Mergus serrator*, L). Merkt (3/438) fullorðin á hreiðri hjá Grímsstöðum við Mývatn, þ. 29. júní 1935. Fannst dauð hjá Reykjahlíð við Mývatn, þ. 25. júní 1938.

- 28) Hegri (*Ardea cinerea*, L.). Merktur (1/305) á Leirhöfn á Melrakkasléttu, þ. 7. nóvember 1937. Skotinn þ. 27. nóvember sama ár í Breiðuvík í Barðastrandarsýslu. — Um þennan hegра skrifar merkjandinn, hr. Sigurður Kristjánsson í Leirhöfn, á þessa leið: „Pann 1. nóvember kom hingað stór fugl, sem reyndist vera hegri, og fór hann inn í fjárhús niðri við sjóinn. Var hann hafður þar í haldi og gefið að éta í viku, því að hann virtist vera alldasaður. Pann 7. nóvember var honum sleppt, og var hann þá orðinn hinn brattasti.“ — Pann 16. nóv. 1937 var annar hegri skotinn í Breiðuvík, en hann var ómerktur.
- 29) Óðinshani (*Phalaropus lobatus*, (L)). Ungi, merktur (8/813) á Sandi í Aðaldal, þ. 13. júlí 1936. Fannst dauður sama staðar þ. 20. júlí sama ár.
- 30) Óðinshani (*Phalaropus lobatus*, (L)). Ungi, merktur (6/2765) á Hafurbjarnarstöðum á Miðnesi, þ. 2. júlí 1939. Fjórum dögum síðar flaug hann á gaddavírsgirðingu þar í nágrenninu og drapst af því.
- 31) Hrossagaukur (*Capella gallinago faeroeensis*, C. L. Brehm). Merktur (6/802) á Hofi í Vopnafirði, þ. 23. júlí 1936. Fannst dauður sama staðar; hafði flogið á símavíra tæpri viku eftir að hann hafði verið merktur.
- 32) Hrossagauksungi (*Capella gallinago faeroeensis*, C. L. Brehm). Merktur (6/919) á Lóni í Kelduhverfi, þ. 13. júlí 1936. Drepinn af hundi sama staðar tveimur dögum síðar.
- 33) Hrossagaukur (*Cap. gall. faeroeensis*, C. L. Brehm). Ungi, merktur (7/749) á Grímsstöðum við Mývatn, þ. 22. júlí 1936. Fannst dauður sama staðar, þ. 15. ágúst 1936.
- 34) Hrossagaukur (*Cap. gall. faeroeensis*, C. L. Brehm). Ungi, merktur (7/730) á Grímsstöðum við Mývatn, þ. 7. júlí 1936. Fannst dauður sama staðar, þ. 10. ágúst 1936.
- 35) Hrossagaukur (*Cap. gall. faeroeensis*, C. L. Brehm). Ungi, merktur (7/900) á Grímsstöðum við Mývatn,

- þ. 20. júlí 1936. Fannst dauður við símann hjá Syðri Neslöndum við Mývatn, þ. 13. sept. 1936.
- 36) Hrossagaukur (*Cap. gall. faeroensis*, C. L. Brehm). Ungi, merktur (6/1441) á Grímsstöðum við Mývatn, þ. 8. júlí 1936. Fannst dauður sama staðar þ. 7. ágúst 1936.
- 37) Hrossagaukur (*Cap. gall. faeroensis*, C. L. Brehm). Ungi, merktur (7/893) á Grímsstöðum við Mývatn, þ. 5. júlí 1936. Fannst dauður við símann sama staðar þ. 11. júlí 1937.
- 38) Hrossagaukur (*Cap. gall. faeroensis*, C. L. Brehm). Ungi, merktur (7/766) á Grímsstöðum við Mývatn, þ. 10. júní 1937. Fannst dauður sama staðar þ. 29. sept. 1937.
- 39) Hrossagaukur (*Cap. gall. faeroensis*, C. L. Brehm). Ungi, merktur (5/1887) á Ölversholtshjáleigu í Holtum í Rangárvallasýslu, þ. 24. júlí 1938. Fannst dauður sama staðar þ. 14. ágúst 1938.
- 40) Stelkur (*Tringa totanus robusta*, (Schiöler)). Ungi, merktur (5/1916) á Hafurbjarnarstöðum á Miðnesi, þ. 20. júlí 1939. Fannst dauður í Kirkjubóslandi á Miðnesi skömmu síðar.
- 41) Spói (*Numenius phaeopus islandicus*, Brehm). Ungi, merktur (5/1207) á Skjalfönn í Norður-Ísafjarðarsýslu, þ. 2. ágúst 1936. Fannst dreppinn af fálka sama staðar liðlega hálfum mánuði síðar.
- 42) Lóa (*Pluvialis apricarius altifrons*, C. L. Brehm). Ungi, merktur (5/792) á Grímsstöðum við Mývatn, þ. 16. ágúst 1936. Fannst dauð sama staðar þ. 29. ágúst sama ár.
- 43) Lóa (*Pluvialis apricarius altifrons*, C. L. Brehm). Ungi, merktur (5/1724) á Grímsstöðum við Mývatn, þ. 3. ágúst 1938. Fannst dauð, dreppin af ránfugli, sama staðar, þ. 26. sept. 1938.
- 44) Svarthakur (*Larus marinus*, L.). Merktur (2/163) á Hvammi á Landi í Rangárvallasýslu, þ. 9. júlí 1933. Fannst dauður hjá Sýrlæk í Flóa í Árnессýslu, þ. 25. maí 1936.

- 45) Svartbakur (*L. marinus*, L.). Merktur (3/1185) á Kálfafellsmelum í Fljótshverfi í Vestur-Skaftafells-sýslu, þ. 26. júní 1939. Fannst á reki á sjó, þá ný-dauður, hjá Vatnsnesi, skammt frá Keflavík í Gull-bringusýslu, þ. 28. nóv. 1939.
- 46) Rita (*Rissa tridactyla*, (L)). Merkt (6/485) fullorðin á Sauðárkróki, þ. 16. ágúst 1932. Fannst dauð þ. 29. maí 1936, hjá Granastöðum í Köldukinn í Suður-Pingeyjarsýslu.
- 47) Rita (*R. tridactyla*, (L)). Merkt (5/637) fullorðin á Sauðárkróki, þ. 13. júlí 1934. Skotin á Faxaflóa, 7 sjómílur norður af Garðskaga, þ. 11. apríl 1939. Það var Færeyingur, sem banaði henni.
- 48) Rita (*R. tridactyla*, (L)). Merkt (5/1618) fullorðin í Kollsvík í Barðastrandarsýslu, þ. 27. júlí 1938. Veidd sama staðar þ. 15. júní 1939.
- 49) Rita (*R. tridactyla*, (L)). Merkt (5/1909) fullorðin á Hafurbjarnarstöðum á Miðnesi, þ. 7. júní 1939. Veidd og dreppin sama staðar þ. 20. júní sama ár.
- 50) Kría (*Sterna macrura*, Naumann). Ungi, merktur (6/1260) á Grímsstöðum við Mývatn, þ. 19. júlí 1935. Þetta merki fannst í kýrvömb á Grímsstöðum, þ. 23. nóv. 1936.
- 51) Kría (*Sterna macrura*, Naumann). Ungi, merktur (6/2094) á Gröf á Rauðasandi í Barðastrandarsýslu, þ. 28. júlí 1936. Fannst dauður sama staðar, þ. 2. ágúst 1936.
- 52) Kría (*Sterna macrura*, Naumann). Ungi, merktur (6/1400) á Grímsstöðum við Mývatn, þ. 19. júní 1936. Fannst dauð við símann þ. 22. júní 1937.
- 53) Kría (*Sterna macrura*, Naumann). Ungi, merktur (6/41) á Grímsstöðum við Mývatn, þ. 16. júlí 1933. Fannst dauð sama staðar þ. 3. júlí 1937.
- 54—55) Tveir kríuungar (*Sterna macrura*, Naumann). Merktir (6/1488 og 6/1489) á Grímsstöðum við Mývatn, þ. 19. júní 1937. Fundust dauðir sama staðar, þ. 29. sept. 1937.
- 56) Skúmur (*Catharacta skua*, Brünnich). Ungi, merktur

- (3/647) hjá Skógum í Axarfirði, þ. 25. júní 1936. Fannst vængbrotinn og var lógað á Nýjabæ í Kelduhverfi þ. 2. sept. 1936.
- 57) Skúmur (*C. skua*, Brünnich). Ungi, merktur (3/763) hjá Hala í Suðursveit sumarið 1936. Flaug á síma-víra og drapst af því hjá Skógum í Axarfirði, þ. 25. sept. 1936.
- 58) Skúmur (*C. skua*, Brünnich). Hálfvaxinn ungi, merktur (4/742) þ. 25. sept. 1936 í Reykjavík, þar sem hann var hafður í haldi um hríð. Var honum síðan sleppt, en fannst dauður í nágrenni Reykjavíkur þ. 21. okt. 1936. Þessi skúmsungi var ættaður austan af Breiðamerkursandi.
- 59) Kjói (*Stercorarius parasiticus*, (L)). Merktur (5/558) á unga aldri á Orrastöðum í Austur-Húnavatnssýslu, þ. 1. júlí 1934. Skotinn í Vík á Skagaströnd þ. 2. júlí 1938.
- 60) Langvíða (*Uria aalge*, Pontoppidan). Merkt (3/935) fullorðin í Vestmannaeyjum, þ. 5. apríl 1937. Fannst dauð sama staðar síðast í apríl 1937. Hún hafði verið eitthvað meidd, þegar hún náðist og var merkt. Var reynt að lækna hana, en það hefir ekki tekizt.
- 61) Langvíða (*U. aalge*, Pontoppidan). Ungi, merktur (4A/167) í Hellisey í Vestmannaeyjum, þ. 9. júlí 1939. Skotin á Reyðarfirði, þ. 26. okt. 1939.
- 62) Langvíða (*U. aalge*, Pontopp.). Merkt (5/612) í Hellisey í Vestmannaeyjum, þ. 9. júlí 1939. Skotin á Eyjafirði í miðjum desembermánuði 1939.
- 63) Sæsvala (*Oceanodroma leucorrhoea*, Vieillot). Ungi, merktur (6/2070) í Vestmannaeyjum, þ. 18. nóvember 1938. Fannst dauður sama staðar nokkrum dögum síðar.
- 64) Lómur (*Colymbus stellatus*, Pontopp.). Ungi, merktur (3/701) í Stakkadal á Rauðasandi í Barðastrandsarsýslu, þ. 12. júlí 1936. Skotinn á Hvalfirði þ. 1. júní 1937.
- 65) Lómur (*C. stellatus*, Pontoppidan). Ungi, merktur (3/704) í Stakkadal á Rauðasandi, þ. 27. júní 1935.

- Veiddist í hrognkelsanet frá Dufansdal í Arnarfirði, þ. 16. maí 1937.
- 66) Lómur (*C. stellatus*, Pontoppidan). Ungi, merktur (3/705) í Stakkadal á Rauðasandi, þ. 16. ágúst 1936. Skotinn á Grundarfirði, þ. 20. janúar 1937.
- 67) Lómur (*C. stellatus*, Pontoppidan). Ungi, merktur (3/707) hjá Gröf á Rauðasandi, þ. 16. ágúst 1936. Veiddist í net hjá Litla-Ósi í Miðfirði í Vestur-Húnvatnssýslu, þ. 20. júní 1937.
- 68) Lómur (*C. stellatus*, Pontoppidan). Ungi, merktur (3/708) í Stakkadal á Rauðasandi, þ. 20. júlí 1937. Veiddist í net í Bugsvatni í Fróðárreppi í Snaefellsnessýslu, þ. 17. júní 1939.
- 69) Lómur (*C. stellatus*, Pontoppidan). Ungi, merktur (3/710) í Stakkadal á Rauðasandi, þ. 20. júní 1937. Festist í selanót í Bæjarós á Rauðasandi, þ. 20. júní 1938 og var tekinn þar lifandi, og sleppt aftur. Merkið var tekið af honum og endursent, án allra þakka, því finnandinn hélt að merkið ætti sök á því, að lómurinn festist og særðist eitthvað í netinu!!
- 70) Sefond (*Podiceps auritus*, (L)). Merkt (3/415) fullorðin hjá Grímsstöðum við Mývatn, þ. 17. júní 1935. Drapst í silunganeti sama staðar, þ. 23. maí 1937.
- 71) Rjúpa (*Lagopus mutus islandorum*, Faber). Ungi, merktur (5/784) í Reykjahlíð við Mývatn, þ. 18. júlí 1936. Skotin í Stöðvarfirði seit í nóvember 1936.
- 72) Rjúpa (*L. mutus islandorum*, Faber). Ungi, merktur (5/1719) á Grímsstöðum við Mývatn, þ. 10. júlí 1938. Drepin af ketti sama staðar þ. 18. sept. 1938.
- 73) Rjúpa (*L. mutus islandorum*, Faber). Ungi, merktur (5/1717) á Grímsstöðum við Mývatn, þ. 10. júlí 1938. Skotin þ. 12. desember 1938 skammt frá Reykjahlíðarnánum.

Aths. — Enn fremur hefir láðst að geta um 6—8 lunda, sem endurveiðst hafa í Vestmannaeyjum á sömu slóðum og þeir höfðu verið merktir, fyrir ári síðan allflestir. Innleendar endurheimtur eru því raunverulega *81 alls*. Þá eru

heldur ekki taldar hér með endur, sem hafa verið teknar á sama stað ár eftir ár, hjá Grímsstöðum við Mývatn, en þær hafa mér talizt vera um 51 alls, síðan árið 1933. Sjá skýrslunni á bls. 26—29.

B. Erlendis.

- 1) Máriuerla (*Motacilla alba*, L.). Ungi, merktur (8/545) á Grímsstöðum við Mývatn, þ. 2. júlí 1938. Veiddist í Bayonne, Coté Basque, á Frakklandi, seinni partinn í nóvember 1938.
- 2) Smyrill (*Falco columbarius subaesalon*, A. E. Brehm). Ungi, merktur (5/288) hjá Skjalfönn í Norður-Ísafjarðarsýslu, þ. 27. júní 1933. Skotinn þ. 15. apríl 1936 á Strathleven Moor, Dumfartonshire á Skotlandi.
- 3) Grágæs (*Anser anser*, (L)). Ungi, merktur (2/53) á Sandi í Aðaldal, þ. 8. júlí 1936. Skotin við ána Tay á Skotlandi, þ. 26. okt. 1936.
- 4) Grágæs (*A. anser*, (L)). Ungi, merktur (2/180) hjá Hvammi á Landi í Rangárvallasýslu, þ. 12. júlí 1936. Var tekin innan um heimagæsir á Westray í Orkneyjum í nóvember 1936, og var þar til vors. Hafði ég síðast fregnir af henni þ. 8. apríl 1937. Var þá skift um merki á henni og ber hún nú merkið: Witherby, London, 112700.
- 5) Grágæs (*A. anser*, (L)). Ungi, merktur (2/328) hjá Hvammi á Landi, þ. 8. júlí 1937. Skotin skammt frá Wexford Harbour á Írlandi, þ. 27. nóv. 1937.
- 6) Grágæs (*A. anser*, (L)). Ungi, merktur (2/330) hjá Hvammi á Landi, þ. 14. sept. 1937. Skotin snemma í desember 1937 hjá Invergowrie, við ána Tay, skammt frá Dundee á Skotlandi.
- 7) Grágæs (*A. anser*, (L)). Ungi, merktur (2/256) hjá Orrastöðum í Austur-Húnavatnssýslu, þ. 26. ágúst 1934. Skotinn hjá Wexford Harbour á Írlandi, þ. 20. febrúar 1938.
- 8) Grágæs (*A. anser*, (L)). Ungi, merktur (2/106) á Kvískerjum í Öræfum, þ. 9. júlí 1937. Skotin þ. 25.

- febrúar 1939 á Cumrue, Lockerbie, í Dumfriesshire á Skotlandi.
- 9) Grágæs (*A. anser*, (L)). Merkt (2/372) hjá Hvöli í Fljótshverfi í Vestur-Skaftafellssýslu, þ. 10. júlí 1938. Skotin hjá Rockestown við ána Barrow á Írlandi, snemma í janúar 1939.
 - 10) Rauðhöfðaönd (*Anas penelope*, L.). Ungi, merktur (4/684) á Sandi í Aðaldal, þ. 4. ágúst 1936. Skotin þ. 26. sept. 1936 á Prince Edward Island, Canada.
 - 11) Rauðhöfðaönd (*A. penelope*, L.). Merkt (4/102) fullorðin á Viðikeri í Bárðardal, þ. 24. júní 1932. Skotin nálægt Southport í Lancashire á Englandi, þ. 20. desember 1938.
 - 12) Rauðhöfðaönd (*A. penelope*, L.). Fullorðinn bliki, merktur (4/680) á Sandi í Aðaldal, þ. 8. júlí 1936. Skotinn við ósa Sulu-ár, þar sem hún fellur í ána Petchora, í Nenetzksýslu, í Arkangelskamti í U.S.S.R., þ. 17. maí 1938.
 - 13) Rauðhöfðaönd (*A. penelope*, L.). Ungi, merktur (4/693) á Sandi í Aðaldal, þ. 1. ágúst 1937. Skotin þ. 20. apríl 1938 hjá Tosno við Pendikowskivatn í U.S.S.R. (á $59^{\circ} 58'$ n. br. og $31^{\circ} 10'$ a. l.).
 - 14) Grafönd (*A. acuta*, L.). Merkt (4/133) á unga aldrí á Sandi í Aðaldal, þ. 15. júlí 1934. Skotin einhvern fyrstu daganna í janúar 1940, í Co. Clare á Írlandi.
 - 15) Duggönd (*Aythya marila*, (L)). Merkt (3/395) fullorðin á hreiðri á Grímsstöðum við Mývatn, þ. 18. júní 1934. Veiddist í net hjá Pampus við Zuidersee á Hollandi þ. 13. okt. 1936.
 - 16) Duggönd (*A. marila*, (L)). Merkt (3/419) fullorðin, á hreiðri, á Grímsstöðum við Mývatn, þ. 18. júní 1935. Skotin síðast í nóvember 1936, hjá Ballylongford, Co. Kerry, á Írlandi.
 - 17) Duggönd (*A. marila*, (L)). Merkt (4/570) fullorðin hjá Grímsstöðum við Mývatn, þ. 15. júní 1935. Skotin við Shannon-Deel ármótin, í Limerich á Írlandi, þ. 18. des. 1936.
 - 18) Duggönd (*A. marila*, (L)). Merkt (4/663) fullorðin

- í Reykjahlíð við Mývatn, þ. 3. júlí 1935. Fannst dauð við Lough Dergh í Shannon-á á Írlandi, snemma í maí 1937.
- 19) Duggönd (*A. marila*, (L)). Merkt (3/686) á Sauðárkróki, þ. 22. júlí 1935. Skotin einhvern fyrstu daganna í febrúar 1939 hjá Tuam, Co. Galway á Írlandi.
- 20) Duggönd (*A. marila*, (L)). Merkt (3/1256) fullorðin, á hreiðri, á Grímsstöðum við Mývatn, þ. 7. júlí 1938. Fannst dauð í byrjun aprílmánaðar 1939 í Pommern á Pýzkalandi, skammt frá borginni Stettin.
- 21) Duggönd (*A. marila*, (L)). Merkt (3/1292) fullorðin, á hreiðri, á Grímsstöðum við Mývatn, þ. 20. júní 1939. Skotin í janúarmánuði 1940 hjá Castleblayne, Co. Monaghan, á Írlandi.
- 22) Skúfönd (*A. fuligula*, (L)). Merkt (4/581) fullorðin, á hreiðri, á Grímsstöðum við Mývatn, þ. 20. júní 1935. Skotin þ. 5. des. 1936, á Largo Reservoir, í Fife á Skotlandi.
- 23) Skúfönd (*A. fuligula*, (L)). Merkt (4/649) fullorðin, á hreiðri, hjá Grímsstöðum við Mývatn, 7. júlí 1935. Skotin þ. 25. janúar 1937 hjá Lisnaskea, Co. Fermanagh, á Norður-Írlandi.
- 24) Skúfönd (*A. fuligula*, (L)). Merkt (4/628) fullorðin, á hreiðri, hjá Grímsstöðum við Mývatn, þ. 10. júlí 1935. Skotin þ. 16. okt. 1937 við sunnanvert Lough Neagh á Norður-Írlandi.
- 25) Skúfönd (*A. fuligula*, (L)). Merkt (4/596) fullorðin á Grímsstöðum við Mývatn, þ. 29. júní 1935. Flaug á símavíra og drapst af því, þ. 17. nóv. 1937, skammt frá Straumnesi í Orkneyjum.
- 26) Skúfönd (*A. fuligula*, (L)). Merkt (4/602) á eggjum hjá Grímsstöðum við Mývatn, þ. 29. júní 1935. Fannst dauð þ. 12. febrúar 1940, skammt frá Straumnesi á Orkneyjum.
- 27) Toppönd (*Mergus serrator*, L). Merkt (3/371) fullorðin á Grímsstöðum við Mývatn, þ. 10. sept. 1933. Skotin við ána Tay á Skotlandi þ. 20. janúar 1936.
- 28) Toppönd (*M. serrator*, L). Ungi, merktur (3/452)

- á Grímsstöðum við Mývatn, þ. 4. júlí 1935. Skotin hjá Tasiussarsuk, í Angmagsalikhéraði á Austur-Grænlandi, þ. 22. júlí 1939.
- 29) Hrossagaukur (*Capella gallinago faeroeensis*, C. L. Brehm). Ungi, merktur (6/1224) á Grímsstöðum við Mývatn, þ. 8. júní 1936. Skotinn þ. 8. nóv. 1936 hjá Wilton, Murroe, í Limerick á Írlandi.
- 30) Hrossagaukur (*C. gall. faeroeensis*, (C. L. Brehm)). Ungi, merktur (6/2195) á Hvammi á Landi, þ. 16. júlí 1938. Skotinn þ. 11. nóv. 1938, hjá Bhasapolvatni, á Tiree-eyju í Suðureyjum við Skotland.
- 31) Hrossagaukur (*C. gall. faeroeensis*, (C. L. Brehm)). Merktur (7/875) á Grímsstöðum við Mývatn, þ. 19. júní 1936. Fannst dauður hjá Ardaver í Killeter, Co. Tyrone á Norður-Írlandi, þ. 22. des 1938.
- 32) Hrossagaukur (*C. gall. faeroeensis*, (C. L. Brehm)). Merktur (5/1020) í Hvammi á Landi, þ. 7. júlí 1937. Skotinn hjá Cork á Írlandi, þ. 12. eða 19. febrúar 1939. Írinn mundi ekki hvorn sunnudaginn það var.
- 33) Jaðrakan (*Limosa limosa islandica*, Brehm). Ungi, merktur (5/1880) hjá Ölversholtshjáleigu í Holtum í Rangárvallasýslu, þ. 1. júlí 1938. Skotinn einhvern fyrstu daganna í september 1938, skammt frá Guerche í Bretagne, Dept. Ille et Vilaine, á Frakklandi.
- 34) Lóa (*Pluvialis apricarius altifrons*, C. L. Brehm). Ungi, merktur (6/1521) á Sandi í Aðaldal, þ. 24. júlí 1936. Fannst dauð, sjórekin, í fjörunni hjá Broadford, á sunnanverðri Skye-ey í Suðureyjum við Skotland, þ. 17. september 1936.
- 35) Lóa (*P. apricarius altifrons*, C. L. Brehm). Ungi, merktur (6/1525) á Sandi í Aðaldal, þ. 5. ágúst 1937. Fannst dauð hjá Charleville, Co. Limerick á Írlandi, rétt fyrir jólin 1937.
- 36) Tjaldur (*Hæmatopus ostralegus*, (L)). Ungi, merktur (4/992), þ. 14. júní 1937, hjá Hvammi á Landi. Fannst sjórekinn hjá Musselburgh á Skotlandi um miðjan september 1937.
- 37) Tjaldur (*H. ostralegus*, (L)). Ungi, merktur (4/996)

- á Hvammi á Landi, þ. 19. júní 1937. Skotinn í miðjum nóvember 1937, hjá Heysham, Morecambe Bay, North Lancaster á Englandi.
- 38) Tjaldur (*H. ostralegus*, (L)). Merktur (4/999) á Hvammi á Landi, þ. 26. júní 1937. Skotinn þ. 5. okt. 1938, hjá Lancaster á Englandi.
- 39) Hettumáfur (*Larus ridibundus*, L). Ungi, merktur (5/1702) á Grímsstöðum við Mývatn, þ. 15. júní 1938. Skotinn seinni partinn í febrúar 1939, við ána Tejo í Portúgal, á milli borganna Santarem og Alpiarca.
- 40) Hettumáfur (*Larus ridibundus*, L). Ungi, merktur (5/1703) á Grímsstöðum við Mývatn, þ. 15. júní 1938. Fannst dauður hjá Glenswherre, nálægt Ballyclare, Co. Anthrim á Írlandi, þ. 1. febrúar 1939. Þeir voru úr sama hreiðrinu hettumáfsungarnir 5/1702 og 5/1703. Lítur því út fyrir það, að þeir hafi orðið samferða til Írlands, en þar deyr annar, en hinn heldur áfram ferðinni til Portúgal, þar sem hann var dreppinn.
- 41) Skúmur (*Catharacta*, Brünnich). Ungi, merktur (3/189) á Kvískerjum á Breiðamerkursandi, þ. 16. júní 1935. Skotinn við SV-Grænland (á $63^{\circ} 35'$ n. br. og $52^{\circ} 10'$ v. l.), þ. 4. ágúst 1937.

C. Fuglar merktir erlendis.

- 1) Hegri (*Ardea cinerea*, L.), juv., merktur: *Oslo Zool. Museum* 05664, fannst dauður hjá Pinganesi í Hornafirði þ. 13. janúar 1939. Þetta var ungur fugl. Hann hafði verið merktur hjá Náðlandsvatni (Birkeland, Eigersund) á Rogalandi í Noregi, þ. 15. júní 1938.
- 2) Urtönd (*Anas crecca*, L.). Merkt (*Witherby High Holborn, London. R. 20. 8707*), fullorðin, í Leswalt (Wigtown) á Skotlandi, þ. 25. febrúar 1936. Flaug á símavír og drapst af því, hjá Garði við Mývatn, þ. 27. maí 1939.
- 3) Grafönd (*Anas acuta acuta*, L), merkt: *Orielton De-*

coy 2846, Pembroke, Britain, fannst dauð hjá Víkingavatni í Kelduhverfi, Norður-Pingeyjarsýslu, þ. 10. ágúst 1938. Pessi önd hafði verið merkt þ. 5. desember 1937 í Pembroke í Suður-Wales á Bretlandi.

